

DAGSKRÁ

VETUR/VOR
2025

BÓKASAFN
GARÐABÆJAR

TÓNLISTARNÆRING

AFTUR TIL HOFSSSTAÐA

MINJAGARÐURINN
Á HOFSSTÖÐUM

HÖNNUNARSAFN
ÍSLANDS

MENNING Í
GARÐABÆ

Bókasafn Garðabæjar er lifandi staður þar sem öll eru velkomin að koma og fræðast, miðla, hittast, upplifa, og njóta góðra stunda. Fjölbreyttur safnkostur og viðburðir eru í boði fyrir allan aldur. Starfsfólk aðstoðar gesti að leita að efni og nota það sem bókasafnið býður upp á. Álftanessafn, útibú bókasafnsins, er í Álftanesskóla og aðalsafnið á Garðatorgi. Allar upplýsingar um viðburði eru á vef bókasafnsins bokasafn.gardabaer.is og á samfélagsmiðlum.

Fjölskylduviðburðir alla laugardaga

Fjölbreytt og fjörug dagskrá fyrir börn og aðstandendur alla laugardaga, t.d. Lesið fyrir hund, Sögur og söngur, ljósaborð og segulkubbar, fjölbreyttar fönðursmiðjur, áhugaverðar tilraunir og tækninámskeið með Skema.

Foreldramorgnar

Alla fimmtudaga kl.10.30 til og með 15.maí. Áhugaverð erindi ásamt söng og skemmtun fyrir litlu krílin. Boðið verður upp á: Skyndihjálp, ungbarna-nudd, krílasöng, skynjunarsmiðju og fleira. Athugið að Skynjunarsmiðja Plánetunnar verða annan fimmtudag í mánuði frá kl.10–12.

Leshringir

Norræni með Jórunni Sigurðardóttur þriðja fimmtudag í mánuði kl.19 – samstarfsverkefni bókasafnsins við Norræna félagið.

Sá Klassíski með Rósu Þóru Magnúsdóttur hittist annan hvern þriðjudag kl.10.30. Alltaf pláss fyrir nýja féлага. Komið og takið þátt í upplífandi samræðum með skemmtilegu fólki.

Langir fimmtudagar í mars

Á fimmtudagskvöldum kl.19 verða fróðlegir og skemmtilegir viðburðir um málefni líðandi stundar.

Nánar auglýst síðar.

Fjör í vetrarfríi

Vikuna 17–21. febrúar býður bókasafnið uppá ratleik, fönður, bíó, jóga, leikfangaskiptimarkað og auðvitað fullt af skemmtilegum bókum.

Bókasafn Garðabæjar stendur fyrir yfir 200 metnaðarfullum viðburðum á hverju ári. Fylgist vel með á vef bókasafnsins og á samfélagsmiðlum.

Bókasafnið á Garðatorgi, opið alla virka daga kl.9–19 og laugardaga kl.11–15.

Janúar dagskrá

Laugardagur 11. janúar
kl.13 Leirum saman: búum til furðuverur eða bara sæta kisu.

Laugardagur 18. janúar
kl.13 Pöddusmiðja með Sólrúnu Ylfu Ingimarsdóttur myndhöfundi bókarinnar Stórkostlega sumarnámskeiðið.

Febrúar dagskrá

Föstudagur 7. febrúar Safnanótt
kl.17–20 Fjölskyldubingó, spákona og jazz með Margréti Eir og félögum.

Laugardagur 8. febrúar
kl.13 Tilraunastofa bókasafnsins býður forvitnum krökkum að gera saman tvær tilraunir.

Laugardagur 15. febrúar
kl.11.30–14.30 Roblox: grunnur með Skema. Skráning nauðsynleg.

Mars dagskrá

Laugardagur 1. mars
kl.13 Fönðrum saman: Útbúum saman litríka öskudags vendi.

Laugardagur 22. mars
kl.13 Fuglagrímusmiðja með ÞYKJÓ hönnunarteyminu.

Apríl dagskrá

Laugardagur 12. apríl
kl.11–15 Hjólaþrautabraut og hjóla-viðgerðir með Dr. Bæk, sýning á verkum leikskólabarna og margt fleira. Liður í Barnamenningarhátíð í Garðabæ.

Laugardagur 19. apríl
kl.13 Fönðrum saman: Origami smiðja.

Mái dagskrá

Laugardagur 17. maí
kl.11.30–14.30 Minecraft: Hönnun og landafræði með Skema. Skráning nauðsynleg.

Laugardagur 24. maí
kl.11.30 Barnajóga.

Laugardagur 31. maí
kl.12–14 Opnunarhátíð Sumarlesters.

ÁLFTANESSAFN

Álftanessafn er opið mánudaga til fimmtudaga kl.14–18 og fyrsta laugardag í mánuði í febrúar til maí kl.12–15.

Fjölskylduviðburðir verða á öllum laugardagsopnununum og alla fimmtudaga frá kl.15–17 verður boðið uppá skemmtilega fönðurstund fyrir alla fjölskylduna.

BÓKASAFN GARÐABÆJAR

BÓKASAFN GARÐABÆJAR

Hönnunarsafn Íslands á Garðatorgi 1 sýnir, skráir og rannsakar, safnar og varðveitir íslenska hönnun og listiðnað. Innihaldsríkir viðburðir fyrir börn og fjölskyldur sem og fyrirlestrar, námskeið og leiðsagnir eru á dagskrá. Í safnbúð er gott úrval af hönnunarvöru.

Sýningar

20.janúar 2023–1.mars 2026

HÖNNUNARSAFNIÐ SEM HEIMILI

Sýning á 200 hönnunargripum úr safneigninni. Sýningin er sett upp sem grunnmynd af heimili og rétt eins og á heimilum fólks eru hlutir fengnir héðan og þáðan og fjölbreyti-leikinn því allsráðandi. Húsgögn, borðbúnaður, fatnaður, bækur og textill frá ólíkum tíma koma saman á sýningunni og varpa þannig ljósi á brot af því sem íslenskir hönnuðir og handverksfólk hefur skapað.

Safnið á röngunni

16.janúar–18.maí

UNNDÓR EGILL JÓNSSON

Unndór Egill er myndlistarmaður sem hefur meðal annars skapað einstök húsgögn úr tré þar sem náttúrulegum og manngerðum formum er teft saman. Húsgögnin verða unnin á staðunum og birtast eitt af öðru á meðan á sýningunni stendur. Sýningin er liður í HönnunarMars.

Pallurinn

23.janúar–23.mars

FALLEGUSTU BÆKUR Í HEIMI 2024

Best Book Design from all over the World keppnin hefur verið haldin frá árinu 1963. Þrettán bækur hlutu verðlaun 2024 og samanstendur sýningin af þessum bókum sem gestum er velkomið að fletta. Sýningin er haldin samstarfi við FÍT og Stiftung Buchkunst.

1.apríl–11.maí

LÁGMYNDIR EFTIR BRYNJAR SIGURÐARSON

Brynjar er vöruhönnuður. Hann sýnir lágmyndir unnar í tré þar sem tækni og handverk haldast í hendur og losa úr læðingi verur og form sem leynast í efniviðnum. Sýningin er hluti af HönnunarMars.

Hönnunarsafnið er opið alla daga nema mánudaga frá kl.12–17.

Safnbúðin

Vörur eftir um 30 íslenska hönnuði til sölu en úrvalið spannar fatnað, borðbúnað, bækur, skraut og annað sem hönnuðir fást við í dag.

Smiðjan

Fræðslurými þar sem tekið er á móti skólahópum og smiðjur haldnar fyrir fjölskyldur. Námskeið, fyrirlestrar og hádegishittingur með hönnuði fara einnig fram í Smiðjunni.

Vinnustofudvöl

Hægt er að fá innsýn í störf hönnuða og handverksfólk sem dvelja í vinnustofunni.

16.janúar–27.apríl

ÞÓRUNN ÁRNADÓTTIR, VÖRUHÖNNUÐUR

Pyropet kertin og Sasa klukkan eru meðal þekktari verka Þórunnar en verk hennar eru drifin áfram af forvitni, tilraunagleði og áhuga á hefðum, efnum og aðferðum. Sýning á verkum hennar í lok vinnustofudvalar er liður í HönnunarMars.

Janúar

dagskrá

Sunnudagur 12.janúar
kl.13

Draumasundlaug – Fjölskyldusmiðja. Unnar Ari Baldvinsson, grafískur hönnuður, leiðir skapandi smiðju um hönnun sundlauga sem tengist verkefni hans Sundform.

Fimmtudagur 23.janúar
kl.17

Opnun á sýningunni Fallegustu bækur í heimi. Í samstarfi við FÍT og Stiftung Buchkunst.

Föstudagur 24. janúar
kl.13–16.30

Námskeið í bókagerð með grafíska hönnuðinum Jana Liebe sem hlaut verðlaunin Fallegasta bók í heimi 2024 fyrir bókina Walking as research practice. Skráning á tix.is

Sunnudagur 26. janúar
kl.13

Fyrirlestur þar sem Jana Liebe fjallar um verk sín og meðal annars bókina Walking as research practice sem hlaut verðlaunin Fallegasta bók í heimi 2024.

Febrúar

dagskrá

Sunnudagur 2. febrúar
kl.13

Skart – Fjölskyldusmiðja. Marta Staworowska gullsmiður stráir glitri og töfrayki yfir hversdaginn í smiðjunni.

Föstudagur 7. febrúar
kl.20

Safnanótt

Barbie fer á Hönnunarsafnið-sýningaropnun. Samstarf við sjö íslenska fatahönnuði. Ljótikór flytur lög eftir Spilverk þjóðanna.

Miðvikudagur 12. febrúar
kl.12.15

Hádegishittingur með hönnuði. Þórunn Árnadóttir vöruhönnuður býður upp á notalegt spjall. Boðið upp á kaffi og kleinur.

Sunnudagur 16. febrúar
kl.13

Fyrirlestur Unndórs Egils Jónssonar myndlistarmanns sem fjallar um verk sín og feril.

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

Mars dagskrá

Sunnudagur 2. mars

kl.13

Hljóðfærahönnun – Fjölskyldusmiðja.
Hans Jóhannsson, betur þekktur sem Fiðlu-Hansi, er bæjarlistarmaður Garðabæjar. Í smíðjunni veitir hann börnum og fjölskyldum innsýn í heillandi fag sitt – hljóðfærahönnun og smíði.

Miðvikudagur 12. mars

kl.12.15

Hádegishittingur með hönnuði. Grafíski hönnuðurinn Una María Magnúsdóttir lauk nýverið við að skrá verk Gísla B. Björnssonar. Hún segir frá ferlinu og hvernig hún kynntist Gísla í gegnum skráninguna. Boðið uppá kaffi og kleinur.

Sunnudagur 16. mars

kl.13

Hans Jóhannsson fiðlusmíðameistari og bæjarlistamaður Garðabæjar flytur erindi um starf sitt en ferill hans spannar ríflega 40 ár.

Apríl dagskrá

Hönnunarsafn Mars 1.–6. apríl

1. apríl

kl.11

Opnun á sýningunni Barbieboð á Hönnunarsafninu, verkefni 4. bekkinga í Garðabæ.

kl.17

Opnun þriggja sýninga:

Unndór Egill í Safnið á röngunni
Brynjar Sigurðarson á Pallinum.
Uppskeruhátíð Þórunnar Árnadóttur í vinnustofu.

Sunnudagur 6. apríl

kl.13

Keramik – Fjölskyldusmiðja.
Hanna Dís Whitehead hönnuður leiðir könnunarleiðangur um möguleika keramíks.

Miðvikudagur 9. apríl

kl.12.15

Hádegishittingur með hönnuði. Tinna Gunnarsdóttir segir frá eigin hönnun og föður síns Gunnars Magnússonar. Boðið uppá kaffi og kleinur.

Laugardagur 12. apríl

kl.13

Dúkkulísur – Fjölskyldusmiðja.
Hönnunarteymið ÞYKJÓ leiðir okkur inn í heim fatahönnunar í leikandi smíðju með dúkkulísur. Liður í Barnamenningarhátíð í Garðabæ.

Mái dagskrá

Sunnudagur 4. maí

kl.13

Bangsastóll – Fjölskyldusmiðja.
Friðrik Steinn, vöru- og upplifunarhönnuður, kynnir húsgagnahönnun fyrir börnum á smíðju þar sem allir skapa stól fyrir uppáhalds bangsann.

Miðvikudagur 14. maí

kl.12.15

Hádegishittingur með hönnuði. Hringur Hafsteinsson hjá Gagarín segir frá áhugaverðum verkefnum sem hann hefur skapað í Garðabæ og víðar. Boðið uppá kaffi og kleinur.

Sunnudagur 18. maí

kl.13

Sigríður Sigurjónsdóttir safnstjóri og Sigga Soffía Nielsdóttir dansari veita leiðsögn með dansdæmum um sýninguna Hönnunarsafnið sem heimili.

Hádegistónleikar í boði menningar- og safnanefndar Garðabæjar í samstarfi við Tónlistarskóla Garðabæjar. Tónleikarnir fara fram í sal skólans að Kirkjulundi, dagskráin hverju sinni kemur á óvart en aðgangur er ókeypis.

Miðvikudagur 8. janúar

kl.12.15

ÍRIS BJÖRK
GUNNARSDÓTTIR sópran
og MATTHILDUR ANNA
GÍSLADÓTTIR píanó.

Miðvikudagur 5. febrúar

kl.12.15

SVEINBJÖRG
VILHJÁLMSDÓTTIR píanó
og MARTIN FREWER fiðla
Frumflutningur á tónsmíðum
eftir John Speight.

Miðvikudagur 5. mars

kl.12.15

STRENGJAKVARTETT
HANS JÓHANNSSONAR
fiðlusmíðameistara
og bæjarlistamanns Garðabæjar.

Miðvikudagur 2. apríl

kl.12.15

GUJA SANDHOLT
mezzosópran
og MATTHILDUR ANNA
GÍSLADÓTTIR píanó.

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

TÓNLISTARNÆRING

SAFNANÓTT 7. FEBRÚAR

Fögnum myrkrinu með upplifgandi viðburðum. Bókasafn Garðabæjar kl.17–20: Spákona, fjölskyldubingó og tónleikar með Margréti Eir og félögum. Hönnunarsafn Íslands kl.20–22: Opnun á sýningunni Barbie fer á Hönnunarsafnið. Ljótikór syngur lög eftir Spilverk þjóðanna.

BARNAMENNINGAR- HÁTÍÐ Í GARÐABÆ 7.–12. APRÍL

Nemendur taka þátt í fjölbreyttum viðburðum sem haldnir eru í Hönnunarsafninu, Bókasafni Garðabæjar, á Garðatorgi, Minjagarðinum og Aftur til Hofsstaða. Sýning á verkum barna í 4. bekk fer fram á Hönnunarsafninu og á Bókasafninu sýna leikskólabörn. Barnameningarhátíð lýkur með dagskrá fyrir alla fjölskylduna laugardaginn 12. apríl.

GRÓSKA

Félag myndlistarmanna í Garðabæ með aðsetur á Garðatorgi 1. Þrjár samsýningar fara fram í Gróskusal á ári hverju auk námskeiða og fyrirlestra fyrir félagsmenn.

Jónsmessugleði fer fram í júní 2025 en markmið Grósku er að efla myndlistarlíf í Garðabæ.

AFTUR TIL HOFSSSTAÐA OG MINJAGARÐURINN Á HOFSSTÖÐUM

Saga Garðabæjar frá landnámi er rakin í glæsilegri hönnun á margmiðlunarsýningunni Aftur til Hofsstaða á Garðatorgi 7. Gagarín hannaði sýningarnar sem ætlaðar eru skólahópum jafnt sem einstaklingum og fjölskyldum.

MENNINGARDAGSKRÁ FYRIR SKÓLAHÓPA

Í Hönnunarsafni Íslands, Bókasafni Garðabæjar og Tónlistarskóla Garðabæjar fer fram dagskrá fyrir skólahópa. Grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi og áhersla lögð á að nemendur fái að skapa, tjá sig og upplifa hönnun, bókmenntir og tónlist í sérsniðinni dagskrá.

JAZZÞORPIÐ Í GARÐABÆ 2.–4. MAÍ

Garðatorg breytist í Jazzþorp þar sem margir af bestu tónlistarmönnum landsins koma fram á tónleikum, erindum og öðrum viðburðum. Listrænn stjórnandi þorpsins er Ómar Guðjónsson. Jazzþorpið skartar húsögnum og munum úr Góða hirðinum sem eru til sölu. Aðgangur er ókeypis og öll velkomin meðan húsrúm leyfir.

